



Írská módelið — frá greiningum yfir í snemmtæka íhlutun,
ráðgjöf og stuðning við vettvang

“Á ÉG AÐ GERA ÞAÐ?”

Erindi á ráðstefnu RGR* 20. júní 2018 um mat á stuðningsþörf barna

Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga

* Skýring í lok erindis





„Við skorum á stjórnvöld allra landa að verja auknum kröfum til að greina sérþarfir snemma og bregðast við þeim með virikum hætti... tryggja það að jafnhliða slíkri kerfisbreytingu sé, bæði í grunn- og endurmenntun kennara, fjallað um kennslu nemenda með sérþarfir í skólum þar sem ekki er aðgreining.“ (Úr Salamanca yfirlýsingunni, 3. gr.)

- Í dag tölum við um *snemmtæka íhlutun* og áhersla hefur verið lögð á það í mörg ár að koma inn í menntun og starfsþróun kennara hagnýtri, sem fræðilegri menntun í þessu skyni...en sitt sýnist hverjum um árangurinn og nýir, sem eldri, kennarar kvarta enn undan skorti á færni og aðgengi að hagnýtri menntun á þessu sviði og ráðgjöf og stuðningi þegar á vettvang er komið.





„Breytingar á stefnumótun og forgangsröðun hafa því aðeins áhrif að nægjanleg fjármagn fylgi. Hér er þörf á eindregnum pólitískum vilja... óhjákvæmilegt að ríkisvaldið veiti hvatningu og styrk svo verkefnið verði leyst á skilvirkan hátt með viðráðanlegum tilkostnaði.. Heimamenn verða að gegna lykilhlutverki...“ (G 70) *

*Salamanca yfirlýsingin:
G. *Hvað þarf til*

Árið er 1994

HVAÐ EF stjórnvöld hefðu strax að lokinni undirritun yfirlýsingarinnar tekið ákvörðun um að innleiða hana og fylgja þeim leiðbeiningum sem gefnar voru út samhliða?

HVAR VÆRUM VIÐ STÖDD Í DAG?

Yfirlýsinguna undirrita íslensk **stjórnvöld 2 árum fyrir yfirfærslu grunnskólans til svf.**





„Til að löggjöf um menntun skili árangri þarf stuðning samsvarandi og samstilltar löggjafar á sviði heilbrigðis-, félags- og atvinnumála.“ (A25) *

*Salamanca yfirlýsingin:
A. Stefnumótun og skipulag

Við erum á leiðinni þangað því þann 13. apríl sl. undirrituðu ráðherrar þessara málaflokka sameiginlega yfirlýsingu um að fylgja eftir niðurstöðum úttektar Evrópumíðstöðvar.



Já, en....





„Á öllum stjórnsýslustigum ber að efla samstarf milli stjórnar menntamála annars vegar og heilbrigðis-, atvinnu- og félagsmála hins vegar, til þess að aðgerðir styðji hver aðra... Sérstakra aðgerða er þörf til að kalla fram stuðning í heimabyggð við aðgerðir í þágu nemenda með sérþarfir á sviði menntunar.“ (A 24)*

*Salamanca yfirlýsingin:
A. Stefnumótun og skipulag

Fundarstaðir og dagsetningar

- Suðurland Árborg Mánudagur 3. september
- Suðurland Suðurland Þriðjudagur 4. september
- Vesturland Akranes Mánudagur 10. september
- Vesturland Grundarfjörður Þriðjudagur 11. september
- Vestfirðir Ísafjörður Mánudagur 17. september
- Norðurland vestra Sauðárkrókur Mánudagur 24. september
- Hornafjörður Höfn Miðvikudagur 26. september
- Eyjafjörður Akureyri Mánudagur 1. október
- Eyjafjörður Akureyri Þriðjudagur 2. október
- Norðurland eystra Húsavík Mánudagur 8. október
- Reykjanes Reykjanesbær Mánudagur 15. október
- Austurland Egilsstaðir Mánudagur 22. október
- Austurland Reyðarfjörður Þriðjudagur 23. október
- Hafnarfjörður Hafnarfjörður Mánudagur 29. október
- Garðabær Garðabær Þriðjudagur 30. október
- Kópavogur Kópavogur Mánudagur 5. nóvember
- Mos/Seltjarnarnes Mosfellsbær Þriðjudagur 6. nóvember
- Reykjavík Rimaskóli Mánudagur 12. nóvember
- Reykjavík Seljaskóli Þriðjudagur 13. nóvember
- Reykjavík Árbæjarskóli Mánudagur 19. nóvember
- Reykjavík Laugalækjarskóli Þriðjudagur 20. nóvember
- Reykjavík Hagaskóli Mánudagur 26. nóvember
- Reykjavík Háteigsskóli Þriðjudagur 27. nóvember

„Það er eindregin sannfæring samstarfsaðila að við mótun menntastefnu, þar sem leiðarljósið verður gæðamenntun fyrir alla, þurfi allir hagsmunaaðilar verkefnisins um allt land að taka saman höndum og vinna sameiginlega að útfærslunni í þágu allra nemenda“ (Úr kynningarbréfi mrh.)





„Árangur skóla án
aðgreiningar veltur að
verulegu leyti á því að
sérþarfir á sviði menntunar
séu greindar og metnar mjög
snemma og þroski barnsins
örvaður... *sameina leikskólastarf*
og heilbrigðisþjónustu fyrir
börnin“ (E 53) *

SNEMMTÆK ÍHLUTUN og að „...*sameina leikskólastarf og*
heilbrigðisþjónustu fyrir börnin“

Þetta hlýtur að hafa talist mjög framsækið fyrir aldarfjórðungi...en
hvað veldur tregðunni, af hverju erum við ekki komin lengra?

Getur verið að hagsmunir stofnana gangi á stundum lengra en
hagsmunir barna?

*Salamanca yfirlýsingin:
E. Forgangsverkefni





„...æskilegt að ráðuneyti og stjórnarskrifstofur, svæðis- og sveitarstjórnir og sérhæfðar stofnanir leggi saman krafta sína hvað varðar mannafla, skipulag, fjármuni, búnað og aðgang að vettvangi...þarf vel virkt stjórnskipulag svo að samvinna megi takast meðal viðkomandi stofnana bæði á landsgrundvelli og í einstökum byggðarlögum...“

Við eigum geðheilbrigðisáætlun, lýðheilsustefnu, menntastefnu, nýja byggðaáætlun og fjármálaáætlun....





...og áfram leiðbeinir
SALAMANCA okkur en hvert
stefnum við...?

„...koma á vettvangi til að virkja krafta og fylgjast með aðgerðum, þar sem saman komi yfirvöld í héraði og stjórnendur mennta-, heilbrigðis- og þróunarmála ásamt forsvarsmönnum byggðarlaga og frjálsra félagasamtaka.“

„Hver skóli á að vera samfélag...Ábyrgð á menntun barna með sérþarfir ætti að hvíla á samstarfi“

„Rétt er að fela sérskólum í ríkara mæli hlutverk kennslumiðstöðva fyrir almennu skólana og þaðan verði veitt bein aðstoð við börn með sérþarfir á sviði menntunar“

„Umbætur á stofnunum samfélagsins eru ekki aðeins tæknilegt úrlausnarefni heldur velta þær öðru fremur á sannfæringu, djörfung og skilningi þeirra einstaklinga sem mynda samfélagið“

